

Verkmenntaskólinn á Akureyri 531083-0759 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:

1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

2. Hlutverk og megináherslur

VMA er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008.

Þess skal getið að á skólárinu 2012-2013 er unnið að endurskoðun skólanámskrár. Stefnt er að því að almenni hluti hennar verði tilbúinn til birtingar á heimsíðu í nýrri mynd í lok vorannar 2013.


Áherslur og markmið VMA koma fram í hinum almenna hluta skólanámskrár sem er að finna á heimsíðu skólans. Sótt 10. desember 2012 af

<http://www.vma.is/is/skolinn/skolanamskra/syn-stefna-markmid>.

Skólinn starfar eftir gæðakerfinu ISO 9001 og hefur nú öll starfsemi hans verið formlega vottuð að undanskilinni fjarkennslunni. Stefnt er að því að sá þáttur skólastarfsins verði kominn undir sama hatt árið 2013.

Í starfi VMA er gæðahandbók meðal annars lögð til grundvallar. Þar eru tilteknaðar allar verklagsreglur sem starfað er eftir, stefna, gæðamarkmið, starfslýsingar, skipurit o.fl. Tilgangurinn er sá að unnt sé að rekja alla ferla; hvort sem þeir varða t.d. störf og ráðningu starfsmanna eða námsferil nemenda frá innritun og til brautskráningar. Gæðahandbókina er að finna á heimsíðu skólans og eru allir hlutar hennar opnir þeim sem skoða vilja. Við yfirstandandi endurskoðun skólanámskrár er um leið unnið að því að samræma hana sambærilegum köflum í gæðahandbók.

Sótt 10. desember 2012 af http://www.vma.is/is/moya/page/o_01_stjornskipulag_og_stefna.

1


3. Viðfangsefni

VMA stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

a. Skólanámskrá og námsframboð

Skólanámskrá er birt á heimasíðu skólans. Sótt 10. desember 2012 af <http://www.vma.is/is/skolinn/skolanamskra>. Eins og að framan greinir er hinn almenni hluti hennar í endurskoðun og er stefnt að því að verkinu verði lokið fyrir lok vorannar 2013. Einnig er námsframboð og skipulag í endurskoðun og er sú vinna í samræmi við fyrirmæli Mmr um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár.

Námsframboð

Eftirfarandi námsbrautir eru starfræktar við skólann:

Almenn námsbraut (AN)
 Bifvélavirkjun - iðnnám á verknámsbraut (BV8)
 Félagsfræðabraut (FÉ)
 Grunndeild vél- og málmteknigreina (ath - ekki skv. aðalnámskrá)
 Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM)
 Grunnám matvæla- og veitingagreina (GMV)
 Grunnám rafiðna (GR)
 Hársnyrtið - samningsbundið iðnnám (HG9)
 Húsasmíði - iðnnám á verknámsbraut (HÚ8)
 Húsgagnasmíði - iðnnám á verknámsbraut (HS8)
 Íþróttabraut (ÍÞ)
 Kjötið - samningsbundið iðnnám (KÖ9)
 Listnámsbraut (LN)
 Matartæknanám (MT)
 Málaraíð - samningsbundið iðnnám (MÁ9)
 Málmiðngreinar, fyrri hluti náms (MG)
 Meistaraskóli
 Múrsmiði
 Náttúrufræðibraut (NÁ)
 Pípulagnir - samningsbundið iðnnám (PL9)
 Rafvirkjun - iðnnám á verknámsbraut (RK8)
 Rafvirkjun - samningsbundið iðnnám (RK9)
 Rafeindavirkjun (RE8)
 Sjúkraliðabraut (SJ)
 Starfsbraut 1 og 2 (ST1)
 Starfsbraut 3 og 4 (ST3)
 Stálsmiði - samningsbundið iðnnám (SS9)
 Vélstjórnarbraut A (VVA)
 Vélstjórnarbraut B (VVB)
 Vélstjórnarbraut C (VVC)
 Vélstjórnarbraut D (VVD)
 Viðbótarnám til stúdentsprófs að loknu starfsnámi (VSS)
 Viðskiptabraut (VI)

Viðskipta- og hagfræðibraut (VH)

b. Skólabragur

Skólareglur eru birtar í skólanámskrá. Sótt 10. desember 2012 af <http://www.vma.is/is/skolinn/skolanamskra/nemendur-skyldur-og-thjonusta/skolareglur>.

Jafnréttisáætlun VMA er að finna á heimsíðu skólans. Sótt 10. desember 2012 af <http://www.vma.is/is/skolinn/skolanamskra/syn-stefna-markmid/jafnrettisstefna>.

Eineltisáætlun VMA er að finna á heimsíðu skólans. Sótt 10. desember 2012 af <http://www.vma.is/is/skolinn/skolanamskra/syn-stefna-markmid/eineltisstefna-starfsmenn>. D

Og hins vegar sótt 10. desember 2012 af <http://www.vma.is/is/skolinn/skolanamskra/syn-stefna-markmid/eineltisstefna-nemendur>.

Foreldrafélag hefur starfað við skólann um árabil. Kosin er ný stjórn að loknum árlegum kynningarfundum fyrir foreldra sem haldinn við uppaf skólastarfs að hausti.

Skólameistari heldur mánaðarlega fundi með stjórn en auk þess er boðað til sérstakra fræðslufunda nokkrum sinnum á ári hverju. Eru þeir ætlaðir annars vegar til þess að upplýsa foreldra um skólastarfið á breiðum grundvelli eða sérstaka þætti þess ellegar til að fræðast um sitthvað er lýtur að námi og lífi unglunga í framhaldsskóla. Sótt 10. desember af <http://www.vma.is/is/skolinn/foreldrafelag-vma>.

Nemendur eiga jafnframt fulltrúa sína í stjórnkerfi skólans sem tryggja það að rödd þeirra heyrist, bæði í skólaráði og skólanefnd eins og lög gera ráð fyrir. Skólinn hefur ráðið tvo kennara í hlutastarf til þess að vera nemendafélaginu til halds og trausts við skipulag og framkvæmd félagslífs, ráðstöfun fjár og þar fram eftir götunum. Stjórnendur koma gjarnan á fundi nemendafélagsins til þess að skiptast á skoðunum og leggja sitt af mörkum. Skólameistari heldur reglulega svokallaða Gryfjufundi þangað sem allir nemendur eru boðaðir skömmu áður en löngu frímínúturnar hefjast á morgnana. Þar hafa nemendur tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri ef svo ber undir.

c. Innritun og brotthvarf

Að jafnaði eru allir nýnemar teknir inn sem sækja um skólavist. Ef takmarka þarf inntöku á einstakar brautir eða í einstaka áfanga er horft til námsárangurs, mætinga, aldurs (yngri en 18 ára) og hvort nemandi sé af skilgreindu upptökusvæði skólans, sem miðast við Akureyri og Eyjafjörð.

Almennar reglur um inntöku nemenda er að finna á heimasíðu. Sótt 10. desember 2012 af <http://www.vma.is/is/skolinn/skolanamskra/inntokuskilyrði>. (Desember 2012)

Brotthvarf úr dagskóla

Haust 2011: Brotthvarf 10,6% Hættir 6,7% Vor 2012: Brotthvarf 10,1% Hættir 5,5%

Fjarnám

Brotthvarf vor 2012 27%

d. Kennslufyrirkomulag

Áherslur varðandi nám og kennslu: Sótt 10. desember 2012 af <http://www.vma.is/is/skolinn/skolanamskra/syn-stefna-markmid/aherslur-i-nami-og-kennslu>.

e. **Nemendur með sérþarfir**

Árangur nemenda í grunnskóla ræður allnokkru um það hvað þeim stendur til boða í upphafi náms síns í skólanum. Þannig fá nemendur kennslu í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku í samræmi við árangur sinn í grunnskóla. Nemandi sem er með slakan árangur í þremur eða öllum kjarnagreinunum fær sérstakt námstilboð á Almennri braut. Auk þess að gefa nemandanum færi á að styrkja stöðu sína í bóklegu námi veitir þetta námstilboð kynningu á verklegu námi við skólann. Sjá nánar námslýsingu Almennrar brautar á heimasíðu. Sótt 10. desember 2012 af http://www.vma.is/is/moya/page/o_almenn_braut1. Eldri nemendum sem koma með slaka stöðu í einni eða fleiri kjarnagreinum er ráðlagt að taka upprifjunaráfanga í viðkomandi grein/greinum.


VMA býður upp á skimunarpróf varðandi lestrar-og/eða ritunarörðugleika ef grunur er um slíkt og nemandi hefur ekki fengið greiningu fyrir á sínum skólaferli. Í byrjunaráföngum í íslensku eru lögð fyrir verkefni til að kanna stöðu nemenda í lestri og ritun en nemandi getur einnig óskað eftir slíkri greiningu hjá námsráðgjafa án þess að hafa fengið ábendingu frá kennurum. Nemandi sem greinist með lestrar- og/eða ritunarerfiðleika fær rétt á lengri próftíma og einnig getur hann fengið tilvísun á Blindrabókasafn ef niðurstöður gefa tilefni til þess. Hið sama gildir um nemanda sem kemur með greiningu frá öðrum aðilum en slíkum gögnum þarf hann að koma til námsráðgjafa við upphaf skólagöngu og fá upplýsingar um þær tilhliðranir sem skólinn veitir. Hið sama á við ef nemandi á við sambærilega örðugleika að stríða í tengslum við stærðfræðinám.

Nemendur með ofangreinda greiningu um leshömlun eða sérstaka erfiðleika af öðru tagi geta sótt um að fá lengri próftíma í lokaprófum, að próf séu lesin inn fyrir þá o.fl.

Skilgreind fötlun veitir nemanda rétt á umsókn til Menntamálaráðuneytis um aukatíma í tilteknum áföngum. Skólinn þarf að sækja um slíka tíma út á nafn viðkomandi nemanda með löngum fyrirvara. Námsráðgjafi tekur við slíkum beiðnum. Um aðra aukatíma á vegum skólans er ekki að ræða en námsráðgjafar hafa reynt að aðstoða nemendur sem vilja leita sér aukahjálpar á eigin kostnað við að finna aukakennara. Sótt 10. desember 2012 af <http://www.vma.is/is/skolinn/skolanamskra/nemendur-skyldur-og-thjonusta/studningur-vid-nema>).

Eftirfarandi er haft til hliðsjónar þegar nýnemar af erlendum uppruna eru teknir inn í skólann:

- Séu nemendur á almennri braut er boðað til fundar með túlki, forráðamönnum, nemanda ásamt kennslustjóra og námsráðgjafa. Þar er farið yfir hagnýt atriði varðandi skólann s.s. skráningarkerfið INNU, heimasíðu VMA, mætingar og veikindatilkynningar og forráðamönnum gefinn kostur á að spyrja spurninga um skólann.
- Nemendur eru í sérstakri lífsleikniúmsjón, eins og aðrir nýnemar, en auk þess eru þeir undir sérstakri handleiðslu námsráðgjafa.
- Nemendur eru skráðir í ÍSA-áfanga þar sem farið er í gegnum þætti er varða tök á íslenskri tungu og það samfélag sem þeir búa í. Skoðuð er staða hvers og eins og metið hvert framhaldið verður með hliðsjón af því.
- Nemendur fá leiðsögn um skólann hjá umsjónarkennurum sínum (í LKN tímum).
- Hafa ber í huga að nemendur eru misgóðir í íslensku og því þarf að miða kennslu og námsmat við það (í þeim greinum sem því verður við komið). Sótt 10. desember 2012 af <http://www.vma.is/is/skolinn/skolanamskra/nemendur-skyldur-og-thjonusta/studningur-vid-nynema-af-erlendum-uppruna>.

4


- Sérstakt námstilboð er við VMA fyrir þroskahamlaða nemendur og fjölfatlaða, sjá námslýsingu Starfsbrautar. Sótt 10. desember 2012 af <http://www.vma.is/is/skolinn/kynning/starfsdeild>).
- Undir venjulegum kringumstæðum er nemandanum boðin skólavist til 20 ára aldurs, fjögurra ára einstaklingsbundið nám sem lýkur með brautskráningu.

f. Mat og eftirlit með gæðum

Um þróunarstarf og sjálfsmat má lesa á vefslóðinni. Sótt 10. desember 2012 af

<http://www.vma.is/is/skolinn/skolanamskra/syn-stefna-markmid/throun-og-sjalfsmat>.

Verkmenntaskólinn á Akureyri vinnur eftir gæðakerfi og er vottað með ÍSO-staðal 9001. Í gæðastaðlinum er gert ráð fyrir margskonar mati. Má þar nefna:

Kennslumat: þar meta nemendur kennsluna, aðstöðu og námsefnið. Þetta mat er svo lagt til grundvallar í starfsmannaviðtölum.

Framvindumat: þar meta kennarar hvernig kennslan gengur í hverjum áfanga og hvort þeir séu að fylgja þeirri kennsluáætlun sem lagt var upp með. Þetta er framkvæmt á hverri önn.

Áfangamat: þar er skoðaður árangur nemenda, hvernig áfanginn gekk og hvað má gera betur. Jafnframt kemur þarna fram hvort einhverju var ábótavant í kennslunni.

Þjónustumat: þar er lagt upp með að meta þjónustu sem skólinn veitir. Þar hefur t.d. verið skoðað hvernig líðan nemenda á heimavist er, hvernig nemendur líta á þjónustu á bókasafni, námsráðgjafa o.s.frv.

Stjórnendammat: þar meta starfsmenn skólans stjórnendur með tilliti til hæfileika, stjórnunar og ýmissa annarra þátta.

Innra mat: þar eru allar verklagsreglur gæðakerfisins teknar út og skoðaðar. Eru kennarar, stjórnendur, nemendur og aðrir starfsmenn skólans að vinna eftir gæðakerfinu?

Ytra mat: þar kemur úttektarmaður frá Vottun ehf. Úttektarmaðurinn skoðar hvort við séum að vinna eftir kerfinu og hvort við uppfyllum þá þætti sem þarf til að viðhalda vottuninni á skólanum.

Skólinn fékk vottun á allri starfsemi sinni að undanskildu fjarnámi vorið 2011 en stefnt er að því að fjarnám skólans verði vottað árið 2013. Öll gögn úr gæðakerfi eru aðgengileg á heimasíðu skólans. Sótt 10. desember 2012 af <http://www.vma.is/is/skolinn/gaedahandbok>. Desember 2012.

Á haustönn 2011 fór síðast fram ytra mat á starfi Verkmenntaskólans á Akureyri. Sótt 10. desember 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/6824>.


4. Sérstök rekstrarverkefni

Eftirlit með þjónustu og rekstri sjálfseignarstofnunarinnar Lundar við nemendur skólans á nemendagörðum en þeir eru um 150.

Rekstur vélarrúmshermis skv. samningi við Kongsberg.

5. Markmið og tímabundin verkefni

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár skulu sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils

 5

samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

a. **Markmið**

Markmið VMA eru leidd af áherslum í starfsemi skólans er hann rækir hlutverk sitt.

b. **Tímabundin verkefni**

Tímabundin verkefni VMA styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytisins eða fjárstyrks, skal ganga frá slíku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst.

6. Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur VMA. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

a. **Verkmenntaskólinn á Akureyri**

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykka áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávíka og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

b. **Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.

- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.


7. Gildistími og endurskoðun


Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2014.

Hvor sammingsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor sammingsaðili sínu eintaki.

Reykjavík 22/2 2013
Staður og dagsetning


Mennta- og menningarmálaráðherra


Skólameistari

Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013-2015 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Verkmenntaskólans á Akureyri

Gæðamarkmið er að finna í gæðahandbók. Þau eru fastur hluti skólastarfs.
http://www.vma.is/is/moya/page/o_01_stjornskipulag_og_stefna.

A. Markmið

Gerð námsbrauta og áfangalýsinga í samræmi við aðalnámskrá 2011

1. Endurskoða og endursemla almennan hluta skólanámskrár fyrir árslok 2013.
2. Ljúka endurskoðun náms á almennum námsbrautum á skólaárinu 2013-2014.
 - a. Stefna að kennslu á þeim frá og með skólaárinu 2014-2015.
 - b. Setja brautirnar og viðeigandi áfangalýsingar í námskrárgrunn á árinu 2014.
3. Koma á reglubundnu samstarfi, frá vorönn 2013, við starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og þjónustugreina og fyrirtæki um skipulag náms og vinnustaðþjálfunar í matvælagreinum.
 - a. Þróa og skipuleggja námsbrautir í matvælagreinum á árinu 2013.
 - b. Setja brautirnar og viðeigandi áfangalýsingar í námskrárgrunn á skólaárinu 2013-2014.
4. Koma á reglubundnu samstarfi, frá vorönn 2013, við Leikfélag Akureyrar og Tónlistarskólann á Akureyri um skipulag náms og vinnustaðþjálfunar í sviðslistum.
 - a. Skipuleggja námið og aðlaga námsefni á skólaárinu 2013-2014.
 - b. Setja brautirnar og viðeigandi áfangalýsingar í námskrárgrunn á skólaárinu 2013-2014.
5. Koma á reglubundnu samstarfi, frá vorönn, 2013, við fagaðila um þróun námsleiðar til A-réttinda í vélstjórn fyrir starfandi fólk í greininni.
 - a. Skipuleggja námið og aðlaga námsefni á skólaárinu 2013-2014.
 - b. Setja brautirnar og viðeigandi áfangalýsingar í námskrárgrunn á árinu 2014.
 - c. Kynna námið á árinu 2013.
6. Hafa samráð, frá vorönn 2013, við starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina um þróun viðbótarnáms í bifreiðasmíði og bílamálun fyrir bifvélavirkja.
 - a. Gera úttekt á búnaði verkstæða sem sinna munu starfsþjálfun á vorönn 2013.
 - b. Ganga frá starfslýsingum og samningum við samstarfsaðila á haustönn 2013.
 - c. Setja brautirnar og viðeigandi áfangalýsingar í námskrárgrunn á árinu 2014.

Húsnæði

7. Breytingar og viðbætur við húsnæði skólans.
 - a. Gera þarfagreiningu sem byggð verður á samstarfi allra hagsmunaaðila: stjórnenda, kennara, annars starfsfólks og nemenda. Skýrsla liggja fyrir í upphafi skólaárs 2013.
 - b. Kynna málefnið fyrir mmmrn og Akureyrabæ á vorönn 2013.
 - c. Gera samning við Akureyrarbæ um svæðisskipulag skólalóðar á vorönn 2013.
 - d. Afla tillögum fylgis að lokinni þarfagreiningu svo unnt verði að fjármagna og tímasetja framkvæmdir og tryggja framkvæmdafé. Stefnt er að því að ákvörðun verði tekin fyrir árslok 2013 hvort og hvenær farið yrði í framkvæmdir.

Annað

8. Ljúka við að setja alla áfanga í dagskóla og fjarkennslu inn í Moodle-kennsluvefinn fyrir haustönn 2013.
9. Að haustið 2013 verði allur úrgangur frá skólanum flokkaður í samræmi við reglur Akureyrarbæjar í þeim efnunum.

B. Tímabundin verkefni

Skólinn hefur frá hausti 2010 unnið, í samstarfi við Borgarholtsskóla, að endurskoðun náms á almennum námsbrautum skólans með það að markmiði að mæta betur þeim nemendum sem fram til þess hafa ekki fundið nám við hæfi í skólanum og verið af þeim sökum og/eða vegna námsstöðu sinnar í brotthvarfshættu.

Skólinn hlaut styrki úr Þróunarsjóði skólasamninga til eflingar starfsmenntunar 2012-2013, nánar tiltekið:

Til að skipuleggja nám á matvælasviði í samstarfi við starfsgreinaráð og fyrirtækin Kjarnafæði, Samkaup og Hagkaup. Styrkurinn er ætlaður til að skipuleggja nám í skóla og nám og þjálfun á vinnustað, vinna námsefni og skrifa brautar- og áfangalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins. Styrkupp hæð er kr. 1.810.000.

Til að þróa 2 – 4 námsleiðir á starfsbraut skólans undir heitinu „Meiri máttur, aukin geta“, í því skyni að koma betur til móts við þarfir og áhugasvið nemenda. Styrkurinn er ætlaður til að skipuleggja námsleiðir og skrá námsbrauta- og áfangalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins. Styrkupp hæð er kr. 1.035.000.

Til að skipuleggja nám í sviðslistum, í samstarfi við Leikfélag Akureyrar og Tónlistarskólann á Akureyri. Styrkurinn er ætlaður til að skipuleggja nám í skóla og nám og þjálfun á vinnustað og skrifa brautar- og áfangalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins. Styrkupp hæð er kr. 2.000.000

Til að þróa „Hraðleið/lotunám“ til A-réttinda vélstjórnar fyrir starfsfólk í greininni, í samstarfi við VM-félag véstjóra og málmæknimanna og Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri. Styrkurinn er ætlaður til að skipuleggja námið, aðlaga násefni, kynna námið á Norðausturlandi og skrifa brautar- og áfangalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins. Styrkupp hæð er kr. 2.000.000.

Til að þróa „Viðbótarnám í bifreiðasmíði og bílamálun fyrir bifvélavirkja“. Styrkurinn er ætlaður til að aðlaga og skipuleggja námið, gera úttekt á búnaði verkstæða sem sinna munu starfsþjálfun, ganga frá starfslýsingum og samningum við samstarfsaðila og skrifa námsbrautar- og áfangalýsingar í námskrárgrunn ráðuneytisins. Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til skólans að haft verði samráð við viðkomandi starfsgreinaráð. Styrkupp hæð er kr. 2.600.00